



Sigga Stína frá Garði  
verður í Hótel Reykjahlíð,  
laugardaginn 15. des. kl. 20:00  
og mun lesa upp úr bók sinni  
„Alla mína stelpuspilatíð“.



## Kynningarfundur um skipulagsmál.

Skipulags- og umhverfisnefnd Skútustaðahrepps boðar hér með til almenns kynningarfundar í Reykjahlíðarskóla þriðjudaginn 10. desember n.k. kl. 16:30 - 18:30, þar sem kynntar verða eftirtaldar skipulagstillögur skv. 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Tillaga að deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar (Reykjahlíðarþorpinu).

Tillaga að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi við Hveri austan Námafjalls.

Tillaga að deiliskipulagi Skútustaðagíga.

Tillaga að deiliskipulagi Hverfjalls.

Tillaga að deiliskipulagi við Sel-hótel Mývatn.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í Reykjahlíð.

Tillaga að textabreytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

Tillögurnar eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.myv.is](http://www.myv.is) og er fólk hvatt til að kynna sér efni þeirra og mæta á fundinn og taka þátt í umræðum um skipulagsmál sveitarfélagsins.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

46. tbl. 5. árg. miðvikudaginn 4. des. 2013

**Afmælisbörn dagana 5. des. — 11. des. 2013**

5. María Sigurrós Ingadóttir.
6. Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristín Þ. Sverrisdóttir.
7. Jóhanna Harpa Sigurðardóttir.
8. Guðrún Aðalbergisdóttir.
9. Atli Sigurðarson, Lárus Björnsson.

## Greni til sölu á kostnaðarverði 700 kr. kg.

Áhugasamir hafi samband við Dísu í síma 867 8249.

Slysavarnadeildin Hringur.



## Krakkar.

Við litum aðventumyndir, teiknum og spjöllum í Reykjahlíðarkirkju næsta sunnudag 8. desember frá kl. 11:00 til hádegis.

Foreldrar eru velkomin með.

Piparkökur og safi á staðnum handa öllum.



Sjáumst.  
Örnólfur.

## JÓLA-OPIÐ HÚS

Mývatnsstofa, Mýsköpun, Umhverfisstofnun  
og Vatnajökulsþjóðgarður bjóða gestum og gangandi  
í heimsókn í gamla Kaupfélagshúsið  
fimmtudaginn 12. desember milli kl. 17:00 og 19:00.

Tilraunahorn efnafræðinnar, glænýr jólaratleikur,  
kúluskíts-jólaföndur, jólatréð skreytt, lifandi tónlist  
og heimsókn frá jólasveinunum.

Þeir sem eiga lopa-afganga í sauða- og jólalitum  
mega gjarnan koma með þá með sér : )

Jóla-gott í gogginn fyrir viðstadda!

**Hlökkum til að sjá ykkur,  
Guðrún, Arnheiður, Bergþóra og Hanna Kata**



**MýSköpun**



UMHVERFISSTOFNUN



VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR  
NATIONAL PARK

## Vinnubúðaeiningar.

Til sölu tvær vinnubúðaeiningar, samtals ca. 35 m<sup>2</sup>.  
Önnur einingur inniheldur eldhúskrók og snyrtingu.

Einingarnar er hægt að skoða á athafnasvæði Norðurpóls á Laugum  
í Reykjadal að höfðu samráði við Kristján Snæbjörnsson í síma 894 9365.



Tilboðum miðað við staðgreiðslu skal skila á netfangið  
[reinhard@atthingi.is](mailto:reinhard@atthingi.is) fyrir kl. 17:00 mánudaginn 9. des. n.k.



## Deiliskipulag ferðapjónustusvæðis á Stöng.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr.  
skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi ferðapjónustusvæðis  
á Stöng í Mývatnssveit.

Deiliskipulastillagan tekur til 17 ha svæðis sem skilgreint er sem  
verslunar- og þjónustusvæði fyrir ferðapjónustu **359-V** í Aðalskipulagi  
Skútustaðahrepps 2011-2023. Tillagan gerir ráð fyrir að byggð verði þrjú  
220 m<sup>2</sup> gistihús með tíu herbergjum í hverjum húsi og þar að auki er gert  
ráð fyrir einum 60-80 m<sup>2</sup> gistiskála til viðbótar við og í samræmi við þá  
sem fyrir eru.

Tillöguuppdráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu  
Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 6.  
desember til og með föstudeginum 17. janúar 2014. Þá eru upplýsingar  
og aðgengiágar á heimasíðu Skútustaðahrepps, [www.myv.is/Stjornsyslan/  
Skipulagsmal/Deiliskipulag](http://www.myv.is/Stjornsyslan/Skipulagsmal/Deiliskipulag).

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera  
athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur  
út föstudaginn 17. janúar 2014. Skila skal athugasemdum skriflega til  
skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti  
á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is). Þeir sem ekki gera athugasemdir  
við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps.

## Vélsleði til sölu.

Til sölu Polaris RMK 800, árgerð 2010.  
Ekinn 3100 km., naglar í beltí, brúsaftingar.

Verð 1.500 þúsund.  
Vsk nóta getur fylgt.

Upplýsingar veitir Kristján í síma 856 1159.



## Mýflugan

### Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan mun koma út tvisvar  
fyrir jól, 11. og 18. des.  
Ekkert blað mun koma út um jól og áramót.  
Fyrsta blað á nýju ári kemur 8. janúar 2014.

#### Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.200 kr. m/vsk.  
1/2 síðu auglýsing 3.100 kr. m/vsk.  
1/1 síðu auglýsing 4.000 kr. m/vsk.  
Jólakveðjur 1.700 kr. m/vsk.


Skilafrestur á auglýsingum er kl. 14:00 á þriðjudag.  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða 464 4343/ 866 0311.

Kveðja, Hrafnhildur.

## Íbúafundur

sem vera átti í Skjólbrekku  
5. des. næstkomandi er frestað.

Nefndin.



## Jólatónleikar Sálubótar.

Söngfélagið Sálubót heldur jólatónleika í Þorgeirskirkju  
þriðjudaginn 10. des kl. 20:30.

Á efnisskrá verða ný og eldri jólalög.  
Eftir tónleika verður öllum tónleikagestum boðið upp  
á kaffi (te, djús) og heimabakaðar smákökur að hætti kórfélaga.

Komum saman og njótum góðrar aðventustundar.  
Miðaverð er kr. 2.000 en frítt fyrir 16 ára og yngri.  
Enginn posi á staðnum.

Stjórnin.



## Kvenfélagskonur – Bingó.

Hið árlega bingó kvenfélagsins verður haldið  
í Skjólbrekku föstudaginn 6. des. kl. 20:00.

Endilega takið með ykkur gesti, vinning og eitthvað með kaffinu.

Sjáumst hress og kát.  
Bingónefndin.

